

um frumv. til vatnalaga.

Frá meiri hluta samvinnunefndar vatnamála.

Á fundi miðvikudag 30. mars gengu vatnamálanefndir beggja deilda Alþingis í samvinnunefnd, en áður höfðu þær þó unnið saman að athugun þessa frumv. Á fundum nefndarinnar kom það fljótt í ljós, að samkomulag mundi ekki geta orðið um, hver rjettargrundvöllur vatnalaganna skyldi vera, og á fundi 6. apríl klofnaði nefndin til fulls. Hefir meiri hluti nefndarinnar unnið síðan að málinu eftir föngum, með það fyrir augum, að það gæti orðið afgreitt á þessu þingi.

Ágreiningurinn um rjettargrundvöllinn er hinn sami, sem kom fram í millipinganeftdinni í fossamálum, er skipuð var 22. okt. 1917, og er deilan að forminu til um það, hvort vatn alment sje eða eigi að vera að lögum undirorpið eignarrjetti einstakra manna; að efninu til er ágreiningurinn um það, hvort rjettur landeiganda til vatns skuli í lögnum ákveðinn fyrst sem útilokandi umráða- og afnotarjettur, og sá rjettur síðan þrengdur og takmarkaður með hinum einstöku ákvæðum laganna, svo sem þurfa þykir, eða þá að lögin skuli beinlínis tiltaka, hver þessi rjettur landeigandans sje, á þann hátt, að honum sje með beinum ákvæðum heimilaður eða leyfður forgangsrjettur til þeirra afnota og umráða vatnsins á landi hans, sem rjett þykir að hann hafi.

Þar sem minni hlutinn heldur því fram, að vatn sje nú að lögum háð eignarrjetti einstaklinga, og skuli vera það framvegis, álitur meiri hlutinn, að eðlilegra sje, sanngjarnara og þjóðféluginu hollara, að vatnið sje undanþegið eignarrjetti í eiginlegum skilningi. Eðlilegra vegna þess, að vatn er að ýmsu leyti óeignarhæft. Sanngjarnara vegna þess, að hjer á landi er miklu meira vatn fyrir hendi en nokkur tiltök eru að landsmenn þurfi á að halda eða geti notað, og þess vegna ekki ástæða til að skifta þessum gæðum náttúrunnar svo misjafnt milli manna, sem verða mundi, ef þeim einum, er land eiga undir vatninu, væri fenginn í hendur eignarrjettur yfir því. Þjóðféluginu hollara vegna þess, að á þann hátt verður best girt fyrir það, að einstakir menn nái þeim tókum á fallvötnum landsins, sem þeir eftir atvikum gætu notað sjer, annaðhvort til að leggja fjárkvaðir á notendur orkunnar, ef eitthvert þeirra yrði virkjað til almenningsnota eða handa nytsömum fyrirtækjum, eða þá sem grundvöll fyrir kröfu um virkjunarrjett sjer til handa, jafnvel þótt virkjun þætti koma í bága við almenningshagsmuni. Af þessum ástæðum er meiri hlutinn sammála um, að þau vatnalög, sem nú verða sett, eigi að byggja á þeim grundvelli, að vatnið sje undanþegið eignarrjetti í eiginlegum skilningi. Þar með er ekki sagt, að meiri hl. sje að fullu og öllu sammála um, hver rjettargrundvöllurinn sje samkvæmt núgildandi löggjöf. Þó er hann allur á eitt sáttur um það, að t. d. vatnsveitingalöggjöf landsins hvíli yfirleitt á þeirri rjettarmeðvitund, að vatn sje öllum heimilt endurgjaldslaust

til áveitu, hvar sem það er tekið, þegar það er gert á þann hátt, að meinfanga-
laust er eiganda landsins, sem að vatninu liggur, og að tilskildum forrjettindum
hans til eigin nota. Er af því ljóst, að þar er ekki um eignarrjett að ræða í
venjulegum skilningi. Að meira virðist bera á hugmyndum um eignarrjett að
vatni á síðustu árum, og jafnvel í einstökum lögum seinni ára, virðist stafa að
nokkru af því, að hugmyndir úr norski löggjöf hafa borist hingað, og meðfram
af því, að einstakir menn hafa talið sjer vænlegt til fjárafla að halda fram sem
fylstum rjetti til þess verðmætis, sem í vatnorkunni felst. En þetta verðmæti
byggist fyrst og fremst á uppgötvunum, sem mannvit og þekking hafa leitt í ljós
og nú eru allra eign jafnt, og er þá ekki rjettlátt, að það verðmæti verði sjer-
eign fárra manna.

Þótt meiri hluti þessarar nefndar þannig standi á sama grundvelli og
meiri hluti millipinganevndarinnar, höfum vjer þó viljað gera tilraun til samkomu-
lags um málið, með því að áskilja landeiganda talsvert viðtækari forgangsrjett
til umráða og afnota vatnsins á landareign hans en meiri hl. millipinganevndar-
innar gerði. Í stað þess að áskilja landeigendum forgangsrjett til orkunýtingar til
heimilis- og búþarfa eingöngu, leggjum vjer til, í samkomulagsskyni, að honum
verði áskilinn fullkominn forgangsrjettur til orkunýtingar þeirra fallvatna á landi
hans, sem yfir höfuð þykir fært að heimila að virkjuð verði af einstökum mönn-
um, án sjerstaks leyfis ráðherra eða sjerleyfis, og höfum sett þau takmörk við
500 eðlishestöfl, í samræmi við sjerleyfislagafrv. stjórnarinnar, en vatnalagafrv.
hennar setur þessi takmörk við 200 eðlishestöfl. Enn fremur höfum vjer stungið
upp á að orða 2. gr. frv. þannig, að þegar í henni komi það bert fram, að land-
eiganda sjeu áskilinn forrjettindi til vatns á landi hans.

Flestar breytingartillögur vorar eru afleiðing þess, er nú hefir verið sagt
um mismuninn á rjettargrundvellingum, og verður gerð nánari grein fyrir þeim í
framsögunni.

Þess skal getið, að meiri hl. hefir ekki lesið síðustu gr. frumv. saman við
eldri lög, og treystir á, að fulltryggilega sje frá þeim samanburði gengið af stjórn-
inni og starfsmönnum hennar.

Vjer leggjum til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILIÖGUM.

1. 2. gr. frv. orðist svo:

Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar því vatni,
straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem lög þessi heimila.

2. Við 13. gr.

Fyrir orðin »sem minst« komi:
eigi.

3. Við 16. gr.

- a. 1. töluliður falli burt. Liðatalan breytist samkv. því.
- b. Á eftir orðinu »landareignar« í 2. tölulið komi:
er að vatni liggur eða vatn er á.

- c. Fyrir »landareignin« í 2. tölulið komi:
sá hluti landareignarinnar, sem eftir verður.
4. Við 17. gr.
Á eftir orðunum »iðnaðar og iðju« komi:
án orkunýtingar.
5. Við 25. gr.
a. Orðin í 2. tölulið »eftir fyrirmælum 22. gr.« falli burt.
b. Fyrir orðin í 3. tölulið »Ef skaði verður, þá skal hann« komi:
Ef spjöll verða, þá skal þau.
6. Við 33. gr.
Á eftir orðinu »iðju« í 1. málsgr. komi:
án orkunýtingar.
7. Við 39. gr. 2. lið.
Fyrir orðin »skaði að vatnstökunni að öðru leyti« komi:
skaði að missi vatnsins til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í.
8. Við 49. gr.
a. Orðin í 1. lið »svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið«
falli burt.
b. Á eftir orðunum í 1. lið »vinna úr því orku« komi:
er samsvari alt að 500 eðlishestöflum.
c. Á eftir orðunum í 2. lið »umráðamaður vatnsrjettinda« komi:
samkvæmt 1. lið.
d. Fyrir »200« í 2. lið komi:
500.
e. 3. liður falli burt.
9. Við 51. gr.
Á eftir orðunum í 2. lið »báðum landareignum« komi:
til orkunýtingar samkvæmt 49. gr.
10. Við 52. gr.
a. Á eftir orðunum í 1. lið »í vatni til orkunýtingar« komi:
samkvæmt 49. gr.
b. 2. liður orðist svo:
Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í stíflugerð, og fer
þá sem segir í 50. gr. 3. lið, sbr. 55. gr.
11. 53. gr. falli burt. Greinatalan breytist samkvæmt því.
12. Við 54. gr.
a. 1. liður orðist svo:
Ráðherra er rjett að taka sjerhvert fallvatn til þess að vinna úr því orku

til almenningsþarfa, eða handa nytsömum fyrirtækjum, og að veita orku eftir laugum ofanjarðar eða neðan til neyslustaðanna, enda sje gætt fyrir-mæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla.

b. 2. liður orðist svo:

Ef nota þarf í þessu skyni fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., skal greiða endurgjald eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestaflatölu, sem landareigninni er áskilin.

c. 3. liður orðist svo:

Nú þykir ráðherra nauðsynlegt að taka í því skyni, sem í 1. tölulið segir, til afnota virkjað fallvatn, eða fallvatn, sem byrjað er að virkja, eða að taka lögnámi orkuver eða orkuveitu, til þess að fá hagfelda skipun á orkuveitu um eitthvert svæði, og er það þá heimilt, enda komi fullt endurgjald fyrir til handa þeim, er tjón bíða af vatnstökunni eða orkuver eða orkuveitu áttu. Svo skal og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því eða veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni, og eigi með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um þau efni, er í þessum tölulið segir, skal mat ráða.

d. Við 3. lið gr., sem verði 4. liður.

Í stað »sjálfur« komi:
fyrir ríkið.

e. 4. liður verði 5. liður.

13. Við 57. gr.

Í stað orðanna í 1. lið »láta verin starfa« komi:
halda starfrækslunni.

14. 59. gr. orðist svo:

Þegar hjeraðsstjórn hefir með samþykki ráðherra ákveðið að koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu, hefir hún rjett til að taka óvirkjað fallvatn til afnota í því skyni, enda sje gætt fyrir-mæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Þurfi hjeraðsstjórn að nota í þessu skyni fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., skal það og heimilt, að því leyti sem fallvatnið er óvirkjað, gegn endurgjaldi eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestaflatölu, sem landareigninni er áskilin. Ákvæði 55. gr. koma þá og til framkvæmdar.

15. 60. gr. orðist svo:

Þegar hjeraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., getur ráðherra selt henni í hendur einkarjett, samkvæmt 56. gr., á svæði því, sem orkuveita hennar nær yfir, um tiltekið árabíl, þó aldrei lengur en orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku í takmarki sínu. Einnig getur ráðherra þá fengið hjeraðsstjórn í hendur rjett til þess að taka lögnámi orkuver eða orkuveitur, sem fyrir eru í takmarkinu, en að öðru leyti fer um slík ver og veitur eftir ákvæðum 57. gr.

16. Við 61. gr. 1. lið.

a. Á eftir orðunum »notendur yfirleitt« komi:

Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu, ef nauðsyn þykir vegna staðháttá.

b. Fyrir »þessum« í næsta málslið komi:
hjeraðsstjórnar.

17. Við 63. gr.

Fyrir »raftækjum« komi:
raforkutækjum.

18. Við 65. gr.

Greinin orðist svo:

1. Nú vill einstakur maður afla sjer raforku, er samsvari 500 eðlishestöflum eða minna, og þarf að taka í því skyni til notkunar fallvatn á landi annars manns, og er honum það heimilt, ef hann á eigi kost raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki fallvatn til notkunar í því skyni á sínu landi, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að nota það. Þó skal gæta fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Eigi verður heldur tekið í þessu skyni fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., nema samkomulag verði eða til komi leyfi ráðherra og endurgjald eftir mati.
2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 55. gr., getur ráðherra veitt leyfi til þess. Fer þá um mat og endurgjald sem í þeirri grein segir.
3. Ef taka þarf til notkunar hluta af fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, þarf leyfi ráðherra, er getur sett skilyrði samkvæmt því, er segir í 49. gr. 2. lið og 58. gr.
4. Í leyfi samkvæmt 3. lið skal kveða svo á, að ráðherra skuli úrskurða ágreining um verð á orku, ef orka verður seld almenningi frá verinu, og að báðum aðiljum skuli skylt að hlíta úrskurði ráðherra þar um.

19. Á eftir 65. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

1. Nú vill maður afla sjer raforku, er samsvari meira en 500 eðlishestöflum, og koma upp vatnorkuveri eða raforkuveitu í því skyni, og skal hann þá beiðast leyfis ráðherra áður byrjað sje á framkvæmd verksins, og jafnframt senda frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum.
2. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, þar á meðal sjerstaklega til að tryggja það, að unt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í hjeraði því eða landshluta, sem orkuverid eða veitan eru í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sje gefinn kostur á orku úr henni, með þeim hætti, er í 65. gr. 4. lið segir. Loks má og binda leyfið þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða eða heimiluð í sjerleyfislögum.
3. Þegar leyfi ráðherra samkvæmt 2. lið er fengið, er heimilt að taka til

notkunar óvirkjað fallvatn, þótt á annars manns landi sje, enda sje gætt fyrir mæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Þurfi að taka fallvatn eða þann hluta þess, sem áskilinn er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., skal það og heimilt, að því leyti, sem fallvatnið er óvirkjað, gegn endurgjaldi eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestaflatölu, sem landareigninni er áskilin. Ákvæði 55. gr. koma þá og til framkvæmdar.

20. 66. gr. orðist svo:

Nú er fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar, tekið til notkunar samkvæmt 53., 57., 63., 64. eða 65. gr., enda hafi rjetturinn til orkunýtingar ekki verið skilinn frá landareigninni, og er þá eiganda hennar rjett að krefjast þess, að í stað endurgjalds í peningum verði honum látn í tje raforka frá orkuverinu til heimilis og búþarfa. Hann getur krafist þess, að þessi raforka verði látn sjer í tje með nothæftri spennu á einum stað í landareigninni, sem hann sjálfur tiltekur. Fyrir raforkuna skal hann greiða árlegt gjald, nema öðruvísi um semji, er samsvari beinum tilkostnaði orkuverseiganda til vinslu á þeim hluta orkunnar og til veitunnar frá orkuverinu að neyslustað, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur. Verði ágreiningur um upphæð árgjaldsins, sker ráðherra úr.

21. Við 67. gr.

Aftan við greinina bætist:
og sje kostnaður við heimtaugar ekki meiri en yfirleitt fyrir aðra notendur orku frá því veri.

22. Við 79. gr.

a. Aftan við 1. lið bætist:

sbr. 80. gr.

b. 2. liður orðist svo:

Nú vill maður veita bagalegu vatni í skurð annars manns, samkvæmt 78. gr., og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði skurðeiganda upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum. Og jafnframt skal honum skylt að kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

23. Við 83. gr.

4. liður falli burt.

24. Við 100. gr. 2. lið.

Á eftir »vatnamálastjóra« komi:
ef skipaður verður.

25. Við 126. gr.

Á eftir 2. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

3. Nú er fiskiklak starfrækt í vatni, og hverfur þá veiðirjettur í almenn-
ing til þeirra einna, er þátt taka í kostnaði við klakið, svo sem samþykkt eða

reglugerð, staðfest af ráðherra, ákveður, enda sje í henni öllum heimiluð þátttaka í klakinu, sem annars eiga veiðirjett í þeim almenning.

26. Við 133. gr.

- a. Í stað orðanna í 1. lið »eða samþykki krafist« komi:
krafist eða verkið heimilt án ráðherraleyfis.
- b. Á eftir orðunum í 3. lið »á mannvirkjum« komi:
leyfishafa að kostnaðarlausu.

27. Við 137. gr.

Í stað »með vatnsvirkjum og öðrum verkum« komi:
með meiri háttar vatnsvirkjum og verkum.

28. Við 138. gr.

Greinin falli burt.

29. Við 143. gr. Greinin orðist svo:

Þegar bætur eru goldnar í orku, getur ráðherra sett almennar reglur um skifti aðilja, innan takmarka ákvæða laga þessara og almennra grundvallarreglna löggjafarinnar.

30. Við 145. gr., 1. lið b.

Fyrir orðin »49. gr. 3. lið, sbr. 65. gr. 3. lið« komi:
64. gr. 4. lið og 66. gr.

31. Við 154. gr. 1. lið F. b).

Fyrir orðin »að framkvæma mat samkvæmt 111. og 112. gr.« komi:
111. gr. 1. lið og 112 gr. 2. lið.

32. Allar tilvísanir í greinar og tölulíði frv. breytist samkvæmt niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Þessar prentvillur eru í frv., og leiðrjettist við endurprentun:

Í 7. gr., málslíð c. Ný lína á að byrja með orðunum: ef tjón eða hætta o. s. frv.

Í 10. gr., fyrstu línu: eftis, f. eftir.

Í 15. gr., málslíð c. Ný lína á að byrja með orðunum: má eigi skilja við o. s. frv.

Í 25. gr. 2. málslíð, síðustu línu: vatnaveituna f. vatnsveituna.

Í 28. gr. 3. lið, umsókn f. umsögn.

Í 28. gr. 4. lið, gjaldaskrá f. gjaldskrá.

Í 32. gr. 2. lið, 29. f. 27.

Í 34. gr. 1. málsg., eigenda f. eiganda.

Í 45. gr. síðustu línu, eða f. að.

Í 52. gr. 1. lið, eigenda f. eiganda.

Í 81. gr., á eftir »veita burt« komi:
vatni.

- Í 83. gr., hættuleg f. hættulegt.
Í 94. gr., 1. lið, orðinn f. orðin.
Í 104. gr. 4. lið, svo hver f. svo og hver.
Í 113. gr. 5. lið, fjelagsskrár f. fjelagaskrár.
Í 114. gr. a-lið, 5. f. 4.
Í 118. gr., 118 f. 117 (tvisvar).
Í 133. gr. 3. lið, breytingu f. breytinga.
Í 143. gr. 5. lið, orkubeiðanda f. orkureiðanda.
(ef greinin verður samþykkt, sbr. 29. brtt. nefndarinnar).
Í 150. gr. 2. lið a, 1. lið f. 2. lið.
Í 150. gr. 2. lið b, 2. lið f. 3. lið.

Alþingi, 26. apríl 1921.

Jakob Möller,
form. samv.n.

Jón Þorláksson,
framsm. í Nd.

Sigurj. Friðjónsson,
framsm. í Ed.

Guðjón Guðlaugsson,
form. Ed.-nefndar.

Hjörtur Snorrason.

Bjarni Jónsson
frá Vogu.